

Samfélagsfræði 2018 - 2019

Kennarar: Kristín Ólafsdóttir

10

Lýsing

Námsbók: Á ferð um samfélagið.

Markmið:

Að nemendur geti

- hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs sín og annarra og útskýrt hvernig sjálfsmynd hans mótast af umhverfi og búsetu, stjórnámálum og félagslegum aðstæðum, sögu og menningu
- gert sér grein fyrir hlutverki og margbreytileika fjölskyldna og gagnkvæmum áhrifum innan hennar á mismunandi tímum og menningarsvæðum,
- beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngevri einstaklinga,
- vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmyndar og hefur áráði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt,
- rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat, og sýnt ábyrgð í samskiptum, umgengni og lífsháttum,
- tileinkað sér virðingu fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs,
- útskýrt mismunandi hugmyndir um gerð og framkvæmd lýðræðis og greint hvernig stjórnámál og samfélagsgerð tengjast lífi einstaklinga,
- útskýrt hlutverk helstu stofnana samfélagsins og uppbyggingu stjórnkerfisins,
- fjallað á upplýstan hátt um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins og breytilegrar menningar, trúar, lífsviðhorfa og stjórnarfars,
- komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.

Námsefni:

Þjóðfélagsfræði eftir Garðar Gíslason.

Vikur	Námsefni
24. ágúst	Kynning á Þjóðfélagsfræði
27. ágúst - 14. september	Hvað er samfélag? Hvernig mótast þú samfélagið? Sjálfsmyndin. Samfélagið mótast þig. Staða kvenna. Hlutverk samfélaga
17. - 28. september	Sinn er siður. Skráð viðmið og óskráð. Félagslegt taumhald. Félagsfræðilegar tilraunir.
1. - 19. október	Félagsmótun. Staða og hlutverk, frummótun, síðmótun, félagsmótunaraðlilar, fjölmiðlar, gerðir fjölmiðla, áreiðanleiki fjölmiðla, fjórða valdið

- 22 október - 9. nóvember** Fjölskyldan. Mismunandi gerðir fjölskyldna eftir menningarheimum, hvaða hlutverk hefur fjölskyldan í samfélögum.
- 12. - 30. nóvember** Gaman saman. Ástin og ýmislegt sem henni tengist, hvernig skilgreina menn ást, eru allir á sama máli hvað ást er.
- 3. - 18. desember** Alþjóðasamfélagið og mannréttindi. Sameinuðu þjóðirnar, aðildarríki, mannréttindi, mannréttindasáttmálinn.

Kennsluaðferðir:

Lestur, þematengd verkefna vinna, einstaklings og hópa.

Námsmat:

Símat, verkefni og kannanir. Gefið fyrir í bókstöfum.

A,B+,B,C+,C,D.